

DEKA Akryl

Grunnur / íblöndunarefni

Notkunar svið

Deka Akryl er vatnsblandanlegur fjölliðu akryl grunnur, ætlaður sem steypulím, grunnur og til íblöndunnar í steypu.

Kostir

Deka Akryl hentar vel sem grunnur á alskonar undirlag, fyrir flötun, ásteypulög, viðgerðir og sem íblöndun í steypu, bæði til að auka styrk og límingu við t.d. hleðslu / hellulögn.

Undirvinna

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementsslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðlöðun. Undirlagið má vera rakt.

Pakningar:

Deka Akryl fæst í 5kg og 20kg brúsum.

Þrif:

Þrifa skal verkfæri og ílát strax með vatni. Fari grunnurinn á annað en til er ætlast skal þrifa það strax með vatni. Annars getur það reynst erfitt seinna.

Tæknilegar upplýsingar:

Innihald: Ammoníaklaust
Styren/akrylat.

pH gildi Ca. 8
Þurrefnisinnih. Ca. 50%

Litur: Hvítur
Vinnsluhiti: +3 - 35°C
Efnisþörf: 1 litr / 10m²

Geymslupól:

12 Mánuðir á þurrum frostlausum stað.

Annað:

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi, skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi.



Notkun:

Steypulím :

Blandið sand og sement (1:1) Blandið síðan Deka Akryl (óþynnt) samanvið. 20% af sementsinnihaldi blöndunnar. Bætið vatni í þar til blandan er hæf til kústunnar. Kústið vegg / gólf vandlega og steypið í blautt sárið.

Grunnur undir flöt:

Alm.

Blandið Deka Akryl með vatni (1:3). Kústið gólf vandlega, flotið þegar grunnurinn þornar

Ef flota þarf yfir lakkað gólf, skal slípa yfir með sandpappírsslípivél og lakkið mattað. Grunnið síðan með Deka Akryl (þynnt 1:1 í vatni) og stráið þurru efni í blautan grunnin og kústið saman. Flotið þegar grunnurinn þornar.

Ef flota á yfir lélegt rakadrægt (gleypið) undirlag þarf að tvígrunna. Fyrst þynnt 1 : 5 í vatni, og síðari umferð þynnt 1 : 3 í vatni.

Steinhleðslulím.

Blandið sand og sement (2 : 1). Blandið síðan Deka Akryl (óþynnt) samanvið, 15-20% af sementsinnihaldi blöndunnar. Bætið í vatni þar til réttir þjálni er náð.

Berið efnið á með tenntum spaða, berið bæði á grunnflöt og baklið steinhellunnar.

Steypublanda: (Eykur styrk og viðlöðun)

Hrærið saman sand og sement (1 : 1) Blandið síðan Deka Akryl (þynnt 1:1 í vatni) samanvið, allt að 15% af sementsinnihaldi blöndunnar. Bætið í vatni þar til réttir þjálni er náð.

Hættusetningar:

Varan er ekki merkingarskyld.

MURBÚÐIN